

Með ofangreindri háttsemi hefur ákærða unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Dómssáttin frá 2. febrúar 1981 hefur ítrekunarverkan á brot það, sem hér er fjallað um, sbr. og 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Dómarnir frá 18. júní og 29. nóvember 1984 gengu, eftir að ákærða framdi brot það, er hún er nú sakfelld fyrir. Verður refsing ákærðu ákveðin með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga hegningarauki, sem þykir hæfilega ákveðinn 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms.

Þá ber, svo sem krafist er, að svipta ákærðu ökuleyfi með vísan til 81. gr. umferðarlaga. Þar sem hér er um ítrekað brot að ræða, verður ákærða svipt ökuleyfi ævilangt frá 5. febrúar 1985, en þá tók ökuleyfissviptingin, sem henni var dæmd með dómnum frá 29. nóvember 1984, gildi.

Loks ber með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærðu til að greiða allan kostnað sakarinnar.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Gunnhildur Gunnarsdóttir, greiði 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða er svipt ökuleyfi ævilangt frá 5. febrúar 1984 að telja.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. september 1985.

Nr. 91/1985. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Karli Eron Sigurðssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Líkamsárás. Skaðabótakröfu vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Máli þessu var áfrýjað 28. maí 1984 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds refsingu til þyngingar. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 30. júlí 1985.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmatið og færslu brotsins til 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hins vegar þykir ákvæði 3. mgr. 218. gr. a sömu laga, sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981, ekki eiga við um háttsemi ákærða. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 30 daga varðhald, en fresta þykir mega fullnustu hennar, og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og frávísun skaðabóta-kröfu skulu óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 10.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Karl Eron Sigurðsson, sæti varðhaldi 30 daga, en fullnustu refsingar skal frestað og hún falla niður að liðnum þremur árum frá birtingu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og frávísun skaðabótakröfu skulu óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. apríl 1984.

Ár 1984, mánudaginn 30. apríl, er í sakadómi Reykjavíkur, sem háður er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 217/1984: Ákæruvaldið gegn Karli Eron Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 6. s.m.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 25. febrúar f.á., „á hendur Karli Eron Sigurðssyni, stýrimanni, Fljótaseli 13, Reykjavík, fæddum 3. desember 1940 í Reykjavík, fyrir líkamsárás, með því að hafa, laugardagskvöldið 21. nóvember 1981, þá er ákærði var staddur í íbúð systur sinnar í Í.R. húsinu við Túngötu í Reykjavík þangað sem Guðrún Sigurðardóttir, fyrrverandi eiginkona ákærða, kom, ráðist þar á Guðrúnu og hrakið hana út úr húsinu með hrindingum og harðræðum og ekki látið af athöfnum sínum fyrr en Guðrún lá á jörðinni fyrir utan húsið. Við lækni skoðun kom í ljós, að Guðrún hafði hlotið við þessar aðfarir ákærða marbletti og eymsli víða um líkamann auk þess sem röntgenmynd af vinstri olnboga sýndi brot á höfði geislabeins og smá misgengi í liðfletinum.

Framanlýst háttsemi ákærða telst aðallega varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1981, en til vara við 1. mgr. 217. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Rangt er í ákæru að atvikið, sem ákært er út af, hafi átt sér stað í íbúð systur ákærða. Það gerðist í íbúð systur kæranda.

Af hálfu verjanda ákærða er þess krafist, að „ákærði verði sýknaður af öllum kröfum í ákæru og bótakröfu vísað frá.“ Þá gerði verjandi „kröfu til málsvarnarlauna úr ríkissjóði“, en yrði „um sakfellingu að ræða, gerði hann ekki kröfu til málsvarnarlauna úr hendi ákærða.“

Í skýrslu Helga Skúlasonar lögreglumanns segir, að kl. 19:58 laugardaginn 21. nóvember 1981 hafi verið beðið um lögregluaðstoð að ÍR húsinu við Túngötu. Þar við húsið hittu lögreglumennirnir Guðrúnu Sigurðardóttur, Leifsgötu 16, og „virtist hún undir áhrifum áfengis.“ Guðrún sagði son sinn, Sigurð H. Eronsson, f. 07.12.63, vera inni í húsinu hjá föður sínum, ákærða, en hún kvaðst vilja fá hann, „þar sem hann ætti að vera í hennar umsjá þessa helgi.“ Lögreglumennirnir knúðu dyra á húsinu og höfðu tal af systur Guðrúnar, sem þarna býr. „Hún sagði Sigurð vera í góðu yfirlæti með föður sínum, þar sem hann teldi Guðrúnu ekki færa um að annast hann í því ástandi, sem hún væri.“ Lögreglumennirnir tjáðu Guðrúnu, að þeir mundu ekki aðhafast frekar í málinu.

26. nóvember 1981 snéri Guðrún Sigurðardóttir, fædd 01.10.41, sér til rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði ákærða fyrir líkamsárás framangreindan dag. Kærandi skýrði svo frá, að hún hefði komið til systur sinnar á leigubífreið um kl. 20:00. Erindið var að sækja Sigurð. Sigurður hefði 12. júní s.á. slasast mikið í umferðarslysi í Vestmannaeyjum og því verið í endurhæfingu á Borgarspítalanum, Grensásdeild, en verið í helgarleyfi. Systir kæranda hefði fyrr um daginn komið heim til kæranda og sótt piltinn, svo hann gæti heimsótt son hennar. Er kærandi kom í íbúðina, spurði

Sigurður, hvort hún væri komin til að sækja sig. Játaði kærandi því. Faðir piltins, ákærði, sem einnig var þarna staddur, sagði að kærandi hreyfði ekki piltinn, þar sem hún væri „dauðadrukkin“ og hefði verið að skemmta sér í Glæsibæ kvöldið áður. Kærandi sagði þetta ósatt, hún hefði ekki farið í Glæsibæ lengi. Þá kvaðst ákærði hafa séð hana fara inn í veitingahúsið Óðal fyrr þennan sama dag. Kærandi kvaðst hafa farið þangað með dóttur þeirra. Þá réðst ákærði á kæranda, skellti á hana hurð, svo hún hefur „sennilega vankast við það, því ég man næst eftir mér liggjandi fyrir utan húsið.“ Þá stóð systir kæranda og Leifur Vilhjálmsson, eigenmaður hennar, yfir kæranda, en fyrir aftan þau stóð Karl Eron og „öskraði á mig, þú sleppur vel núna helvítíð þitt.“ Kona, sem var með kæranda í leigubifreiðinni, hjálpaði kæranda á fætur og leiddi út í bílinn. Stuttu seinna kom lögreglan á vettvang. Kærandi skýrði henni frá málavöxtum og fór síðan heim að ráði lögreglunnar. Er heim kom, lagðist kærandi fyrir, „þar sem ég var bara lömuð eftir þetta.“ Kærandi kenndi strax til í vinstri handlegg og fékk hún einnig skurð á vinstri fót. Kærandi var síðan mikið marinn og blá víðsvegar um líkamann og fann til mikils sársauka í handleggnum. Daginn áður en kærandi snéri sér til rannsóknarlögreglunnar, fór hún á Borgarspítalann, þar sem hún taldi, að hún kynni að vera tognuð í handleggnum. Við skoðun kom í ljós, að kærandi var handleggsbrotinn. Einnig kom fram önnur skemmd upp við olnboga. Þá skemmd taldi kærandi, að rekja mætti til þess, að ákærði henti henni á hurðarhún í aprilmánuði s.á.

Í dóminum hefur kærandi skýrt svo frá, að það hafi dregist hjá sér í nokkra daga að fara til læknis, þar sem hún hafi í fyrstu ekki gert sér grein fyrir, hve mikið hún var meidd, og því væri ekki til að dreifa, að hún hefði meidd eftir að hún kom í ÍR húsið 21. nóvember 1981 og þar til hún leitaði læknis. Á þessu tímabili var kærandi ekki undir áfengisáhrifum.

Kærandi sagði, að á umræddum tíma hefði sonur hennar og ákærða verið til meðferðar á Grensásdeild Borgarspítalans vegna meiðsla, en hann hefði verið í helgarleyfi heima hjá sér auk þess sem hann hefði ætlað að hitta frænda sinn frá Vestmannaeyjum, son Ingibjargar, systur kæranda. Kærandi hefði ekki neytt áfengis umræddan dag, því hefði ekki verið um áfengisáhrif hjá sér að ræða. Vitnið hefði verið grátandi, er lögreglumennirnir komu, og kunni það að hafa verið ástæðan til þess, að þeim virtist hún undir áfengisáhrifum.

Kærandi bar, að íbúð systur sinnar væru tvö herbergi og eldhús. Fyrst væri komið í eldhúsið frá forstofu. Kærandi hefði staðið í dyragættinni að innra herberginu og boðið gott kvöld. Þá sagði sonur kæranda: „Ertu komin að sækja mig?“ Kærandi játaði því. Ákærði, sem hafði setið á sófa fyrir innan piltinn, stóð þá upp og sagði: „Hann kemur ekkert með þér,

pú varst í Glæsibæ í gær og ert enn dauðadrukkin. “Kærandi kvaðst hvorki hafa verið í Glæsibæ né vera drukkin og sagði honum að láta sig í friði og hugsa bara um sína konu. Ekki hafði kærandi ráðrúm til að segja meira, því ákærði skellti á hana hurðinni. Kærandi taldi, að höfuðið hefði verið á milli stafs og hurðar. Ekki gat kærandi lýst því, hvernig ákærði færði hana í gegnum fremra herbergið, eldhúsið, forstofuna og út fyrir, en atgangurinn hefði verið slíkur, að þrjónavél, sem var í fremra herberginu, féll í gólfíð. Kærandi bar, að ákærði hefði ekki slegið sig.

Kærandi vildi ekki kannast við að hafa sagt við ákærða, áður en hann réðst á hana: „Haltu kjafti og haltu þér hjá frillu þinni.“ Einnig mótmælti hún því, að sonur hennar hefði verið skilinn eftir í umsjá annarra kvöldið og nóttina fyrir líkamsrásina.

Kærandi kvaðst ekki hafa minnst á það við lögreglumennina á vettvangi, að hún væri meidd, enda hefðu þeir einkum rætt við húsráðendur.

Kærandi starfaði við fiskisölu á þessum tíma og fékk ekki laun, á meðan hún var í gipsi í rúman mánuð. Henni voru greiddir sjúkradagpeningar. Skorað var á vitnið að leggja fram vottorð um launamissi og afrit af skattskýrslu, sem sýndi tekjur umrætt ár.

Kærandi taldi, að Elísabet Ásdís, sem kom með henni í leigubifreiðinni, hefði verið undir áfengisáhrifum, en mjög litlum.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins viðurkenndi ákærði strax, að hann hefði lagt hendur á kæranda, er hún kom að sækja son þeirra í ÍR húsið. Aðdragandinn hefði verið sá, að ákærða var kunnugt, að Sigurður Hreinn var í leyfi frá Grensásdeildinni og dvaldi hjá móður sinni. Um kl. 14:00 umræddan dag sá ákærði, er hann var staddur í bifreið sinni í Pósthússtræti, að kærandi kom út úr veitingahúsinu Óðali „með einhverju fólki.“ Þar eð ákærði óttaðist, að Sigurður Hreinn yrði fyrir ónæði, ef kærandi færi með fólkið heim, snéri hann sér til Ingibjargar, systur kæranda, og ók henni að Leifsgötu 16. Um kvöldmatarleytið kom ákærði heim til Ingibjargar. Hún sagði, að Sigurður Hreinn hefði verið einn heima ásamt „einhverri konu.“ Hafði konan á orði, að hún hefði komið um hádegíð, en áður hefði „einhver strákur“ gætt hans, en kærandi hefði verið að heiman frá því kvöldið áður. Síðan segir í skýrslu ákærða: „Ég dvaldi þarna hjá Ingibjörgu og talaði við Sigurð Hrein og ætlaði síðan að aka honum á Grensásdeildina en þangað átti hann að vera kominn fyrir kl. 19:30. Hann átti reyndar ekki að koma fyrr en á mánudag en þegar ég var búinn að keyra Ingibjörgu að Leifsgötu þá fór ég og talaði við hjúkrunarkonu á Grensásdeild og skýrði fyrir henni málið og sagði hún að drengurinn mætti koma fyrir þennan tiltekna tíma.

Það var svo á meðan ég beidi þarna hjá Ingibjörgu að Guðrún kom þangað. Ég sat þá inni í stofu ásamt fólkinu. Guðrún byrjaði þá á því

að segja við Sigurð Hrein að hún væri komin til þess að sækja hann. Ég svaraði henni þá og sagði að Sigurður Hreinn færi ekki með henni í því ástandi, sem þá var, en hún var áberandi öluð. Guðrún byrjaði þá að vera með svívirðingar og reiddist ég þá mjög og stóð á fætur og tók í hana og setti hana út fyrir útidyrnar. Guðrún streittist á móti og þegar ég var búinn að koma henni út fyrir dyrnar og var að loka þeim þá tók hún í hurðina og ætlaði aftur inn. Ég hélt þá í dyrnar og endaði það með því að Guðrún datt í kjallaratröppurnar. Eftir það þá kom sambýlismaður Ingibjargar, Leifur, og fór ég með honum inn aftur.

Ég tók ekki harkalega á Guðrúnu og hafði það allan tímann hugfast að fara þannig með hana að hún meiddist ekki. Á leiðinni út þá rakst hún utan í eitthvað að ég held þrjónavél, en ég lagði ekki hendur öðru vísi á hana en að taka í fötin á henni og ýta henni út fyrir dyrnar.

Skömmu eftir þetta þá kom lögreglan og talaði hún við mig. Ég sagði henni hvað gerst hefði og aðhafðist lögreglan ekkert frekar í því nema hún sagði að ef Guðrún væri með frekara ónæði þá ætti að hringja aftur til lögreglunnar.

Eftir þetta fór Guðrún og kona sem með henni kom. Ég ók síðan Sigurði Hreini í Grensásdeild Borgarspítalans þar sem hann varð eftir.“

Ákærði kvaðst draga í efa, að kærandi hefði hlotið þau meiðsli, eftir þessi átök, sem hún hefur greint frá. Ákærði kvaðst hafa talað við dóttur þeirra daginn eftir og rætt málið við hana. Ekki nefndi hún þá, að móðir sín hefði hlotið nein meiðsli af þessu.

Í dóminum kvaðst ákærði vísa til skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, hann kvaðst mótmæla að hafa beitt kæranda öðru harðræði en nauðsynlegt var til að færa konuna út úr íbúðinni. Ákærði mótmælti að hafa skellt hurð á konuna, að hafa slegið hana, að hafa sparkað í hana eða að hafa hrint henni fyrir utan íbúðina. Ákærði hefði dregið konuna á eftir sér uppistandandi með því að halda aftan í hálmálið á fötum hennar. Ákærði kvaðst ekki geta gert sér fulla grein fyrir, hvort kærandi rakst í þrjónavélina eða hann sjálfur, þar sem atburðarásin hefði verið svo hröð. Ákærði kvaðst ekki bera ábyrgð á þeim meiðslum Guðrúnar, sem honum væru eignuð í ákæru. Ástæðan fyrir missættinu hafi verið orðbragð kæranda, sem hann hefði verið uppnæmari fyrir en ella, þar sem þungt hefði hvílt á sér, að sonur þeirra Sigurður hafi verið skilinn eftir hjá vandalasum frá föstudagskvöldi og Guðrún, „hefði verið úti á lífinu og öluð að mati ákærða.“

Vitnið Ingibjörg Sigurðardóttir, húsvörður ÍR húsinu við Túngötu, fædd 13. júní 1939, Efri-Þverá í Húnavatnssýslu, hefur borið, að hún hafi samkvæmt ósk ákærða sótt Sigurð Hrein að Leifsgötu 16. Þá var kona hjá honum að gæta hans. Ákærði kom heim til vitnisins skömmu eftir kvöld-

matarleytið og ætlaði að aka Sigurði Hreini á Grensásdeildina, eins og vitnið hafði beðið hann um. Ákærði settist í sófa hjá piltinum. Er þau voru að ræða saman, kom kærandi og með henni kona, Elísabet, sem var talsvert ölvuð. Vitnið gat ekki séð, að kærandi væri ölvuð, en gat þó ekki fullyrt um það atriði. Guðrún kvaðst vera komin til að sækja Sigurð Hrein og fara með hann heim. Ákærði sagði þá, að pilturinn færi ekki með henni. Kærandi sagði þá ákærða „að halda kjafti og þegja eða eitthvað þess háttar.“ Ákærði stökk þá skyndilega á fætur og réðst á Guðrúnu, þar sem hún stóð í dyrunum. Guðrún hrökklaðist fram í fremra herbergið og féll þar í sófa. Þetta gerðist svo snögg, að þegar „við“ stóðum upp, þá var ákærði að fara með Guðrúnu út og „sáum við bara í fæturna á Guðrúnu.“ Þegar fram var komið, sá vitnið, að prjónavél hafði fallið á gólfíð í fremra herberginu. Ekki tókst að stöðva átökin, fyrr en ákærði var kominn með Guðrúnu út í kjallaratröppur. Leifur eiginmaður vitnisins, náði í ákærða í kjallaradyrunum, en þá lá Guðrún í tröppunum. Eftir þetta fóru hjónin með ákærða inn í íbúðina og bað vitnið Guðrúnu að fara. Fór hún með leigubifreiðinni ásamt samferðakonu sinni. Ökumaður leigubifreiðarinnar hafði séð átökin í kjallaradyrunum og kallaði til lögreglumenn. Þeir töluðu við hjónin og fóru síðan.

Í dómnum skýrði vitnið Ingibjörg svo frá, að ákærði hefði verið rólegur, áður en Guðrún kom. Þau fóru strax að rífast, Guðrún var orðljót, en fá orð fóru á milli þeirra. Ákærði rauk upp úr sófa, sem hann sat í andspænis vitninu, og að dyragættinni, sem Guðrún stóð í. Hélt vitnið fyrst, að ákærði ætlaði út. Hvarf hann og kærandi vitninu sjónum, og gat vitnið ekki sagt um, hvort ákærði lagði hendur á Guðrúnu í dyragættinni. Næst heyrði vitnið, að eitthvað datt í fremra herberginu. Reyndist það vera prjónavélin. Þá spratt vitnið upp. Er það kom í fremra herbergið, sá það, að ákærði var að draga Guðrúnu út um eldhúsdynar og fram í forstofu. Þar hurfu þau vitninu aftur sjónum. Er vitnið kom fram, sá það Guðrúnu liggja á steiptum palli fyrir neðan kjallaratröppurnar. Eiginmaður vitnisins var á undan, og kippti hann ákærða inn fyrir. Vitnið reisti systur sína upp af pallinum og bað hana að hraða sér á brott til að forðast frekari vandræði. Guðrún virtist vera hrædd eða rugluð. Því fóru lítill orðaskipti á milli þeirra, þannig að Guðrún minntist ekki á meiðsli við vitnið. Guðrún hringdi í vitnið síðar, næsta dag, að vitnið hélt, og hafði orð á, að hún væri handleggsbrotin. Vitnið hafði næstu daga oft samband við Guðrúnu og hefði hún borið sig illa.

Fram kom hjá vitninu Ingibjörgu, að örstutt væri frá eldhúsdrym að útidrym íbúðar hennar. Fyrir utan væri svokallaður niðurgangur með 4-5 steiptum tröppum og steiptum palli fyrir neðan, um 1 fermetra að stærð.

Vitnið sagði, að Elísabet, samferðakona kæranda hefði verið „dauda-

drukkin“, en vitnið sá ekki áfengisáhrif á Guðrúnu, en grunaði, að hún hefði verið búin að smakka áfengi.

Vitnið Leifur Vilhjálmsson nemi, til heimilis í ÍR húsinu við Túngötu 29, fæddur 25.08.46 í Reykjavík, skýrði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlög-reglu ríkisins á svipaðan hátt frá aðdraganda atburðarins, sem ákært er út af, og eiginkona hans, vitnið Ingibjörg. Ákærði hefði komið til hjónanna og látið í ljósi áhyggjur af syni sínum, Sigurði Hreini, sem var í helgarleyfi, því hann taldi, að kærandi væri ölvuð. Því varð úr, að Ingibjörg sótti Sigurð Hrein heim til Guðrúnar, aðallega vegna óskar ákærða, en einnig vegna þess að sonur Ingibjargar var staddur hjá þeim hjónum og hann langaði að hitta Sigurð Hrein. Vitnið sagði, að ákærði hefði komið á ný um kvöldmatarleytið. Settist hann inn í stofu hjá syni sínum, sem hann ætlaði með á Grensásdeildina. Nokkru síðar kom Guðrún ásamt áberandi ölvadri konu. Vitnið sá ekki, að Guðrún væri ölvuð. Hún vildi fá piltinn með sér, en ákærði sagði hana vera ölvada og pilturinn færi því ekki með henni. Guðrún sagði honum „að halda kjafti“, því hún væri ódrukkin, og spurði hann að því, hvort hann ætlaði að vera með Sigurð Hrein hjá þessari frillu sinni, en þá mun hún hafa átt við sambýliskonu Karls Erons. Ákærði stökk þá skyndilega á kæranda, þar sem hún stóð í stofudyrnum, og hrinti henni fram úr stofunni. Þegar vitnið kom fram, var ákærði að „draga“ hana í gegnum eldhúsið, og kom hann henni út úr húsinu. Þegar vitnið „náði í hann“, var ákærði í kjallaradyrunum. Vitnið bað hann að koma inn, sem hann gerði. Guðrún lá þá í kjallaratröppunum, og minnti vitnið, að Karl Eron hefði verið með löppina ofan á henni, en vitnið sá ekki hvar. Stuttu síðar birtist lögreglan, og skýrði vitnið málið fyrir henni. Síðan fór lögreglan og Guðrún og loks ákærði með son sinn á Grensásdeildina.

Í dóminum gat vitnið Leifur ekki fullyrt, hvort Guðrún eða Elísabet hafi verið undir áfengisáhrifum, það hefði þó fremur verið Elísabet. Vitnið bar, að ýmis ágreiningur hefði verið á milli kæranda og ákærða frá því í fortíðinni. Þá hefði ákærði verið leiður á þessum tíma, þar sem hann taldi, að Guðrún væri á „fyllerí“ og vanrækti drenginn, sem var mikið veikur á þessum tíma og þurfti mikla umönnun. Ákærði var rólegur hjá þeim hjónum, er hann hafði orð á þessu. Er Guðrún kom, fór allt strax á „suðupunkt“, er hún vildi fá drenginn með sér, en ákærði ekki, þar sem hann taldi hana vera drukkana. Guðrún sagði honum þá að „halda kjafti“ og sagði, að hann færi ekkert með honum til þessarar „mellu“ eða „hóru“. Frekari orðaskipti áttu sér ekki stað. Ákærði stóð upp, tók einhvers staðar aftan í hana og dró hana út. Vitnið kvaðst hafa misst sjónar á þeim í fyrstu, vegna þess hvar hann sat í stofunni. Vitnið hljóp til og náði þeim við útdyrnar, sem eru rétt við eldhúsdyrnar. Vitnið minnti, að Guðrún hefði þá

legið í kjallaratröppunum og ákærði væri með fótinn ofan á henni. Vitnið sá ákærða hvorki sparka í eða slá Guðrúnu. Hins vegar sá vitnið, að þrjónavél, sem var á borði í fremra herberginu, hafði fallið í gólfið. Ákærði hefði verið mjög æstur, en þó komið inn með góðu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða skella hurð á kæranda og gat ekki borið um, hvort hún hefði rekist utan í dyrastafinn, er ákærði fór með hana fram, en er vitnið kom auga á þau, voru þau að hverfa úr eldhúsinu, og dró ákærði Guðrúnu liggjandi á bakinu með taki á kraga hennar, út. Vitnið minntist þess ekki, að Guðrún hefði á vettvangi kvartað undan meiðslum. Er vitnið frétti af henni næst, var hún með höndina í fatla og hafði verið á Borgarspítalanum. Vitnið sagði, að Guðrún væri óreglusöm. Lögreglumennirnir, sem komu á vettvang, sögðu, að ekki þýddi að tala við Guðrúnu, þar sem hún væri „rugluð manneskja“.

Vitnið Elísabet Ásdís Ásgeirsdóttir starfsstúlka, til heimilis að Írabakka 14, fædd 14.05.47 í Búðardal, hefur gefið skýrslu um málavexti bæði hjá rannsóknarlögreglunni og í dómnum. Hún skýrði rannsóknarlögreglu ríkisins svo frá:

„Laugardaginn 21. nóvember 1981 eftir hádegi, þá var ég stödd í veitingahúsinu Óðali við Austurvöll. Þar hitti ég Guðrúnu Sigurðardóttur og tókum við tal saman. Við fórum síðan heim til mín þar sem við drukkum kaffi og töluðum saman. Þegar líða tók á daginn fórum við heim til Guðrúnar þar sem við dvöldum nokkra stund og sagðist hún þá þurfa að fara vestur í ÍR húsið við Túngötu til þess að sækja þangað lamaðan son sinn.

Við fórum í leigubifreið vestur að ÍR húsinu um kvöldmatarleytið og báðum við bifreiðarstjórnann að biða eftir okkur. Fórum við síðan inn í íbúð í kjallaranum þar sem systir Guðrúnar býr. Þegar við komum þar inn þá gekk Guðrún á undan mér og fór að tala við son sinn. Ég heyrði að hann sagðist vera tilbúinn en þá sagði einhver maður þarna inni, að hann færi ekkert með henni þar sem hún væri ölvuð. Einhverjar orðahnippingar urðu þarna milli mannsins og Guðrúnar en síðan vissi ég ekki fyrr til en maðurinn réðst á Guðrúnu og hrinti henni aftur á bak. Ég átti fótum mínum fjör að launa því maðurinn henti Guðrúnu á undan sér og heyrði ég talsverðan hávaða. Ég sá síðan manninn opna útihurðina og henda Guðrúnu út í kjallaratröppurnar þar sem hann beygði sig yfir hana og hótaði að stíga ofan á höfuð hennar. Karlmaður kom þarna fram og tók árásarmanninn og fór með inn í húsið aftur.

Guðrún lá þarna í tröppunum smástund en síðan töluðum við við hana og reistum hana á fætur. Við fórum síðan út í leigubílinn og báðum bílstjórnann að kalla eftir lögreglu.

Eftir atburðinn þá komst ég að því að árásarmaðurinn var fyrrverandi

eiginmaður Guðrúnar, Karl Eron. Í látunum þegar hann var að henda henni út úr íbúðinni þá fór þrjónavél af borði niður á gólf.

Þegar Guðrún var komin út í leigubílinn þá kvartaði hún um verk í öðrum handleggnum og að mig minnir einnig í fæti. Við létum leigubílinn aka aftur heim til Guðrúnar þar sem ég fylldi henni inn en síðan fór ég heim til mín.

Aðspurð þá var Guðrún ekki undir áhrifum áfengis, þegar þetta gerðist en ég var hins vegar undir áhrifum áfengis. Þegar ég hitti Guðrúnu í Óðali fyrir um daginn þá var hún með eitt glas en ég veit ekki hvort áfengisblanda var í því.“

Í dóminum skýrði vitnið Elísabet svo frá, að hún hefði aðeins farið inn í fremra herbergið í íbúðinni, en ekki í herbergið, sem húsráðendur voru í og gestir þeirra. Heyrði vitnið því aðeins fyrstu samskipti ákærða og kæranda. Vitnið sagði, að þau hefðu rifist, en mundi ekki orðaskipti. Síðan heyrði vitnið skarkala. Þau komu fram, og kvaðst vitnið hafa „hrökklast“ á undan þeim fram í forstofuna. Ekki treysti vitnið sér til að lýsa því á þingdegi, með hvaða hætti ákærði dró kæranda eða ýtti á undan sér. Vitnið hefði orðið fyrir áfalli síðar og hefði því slæmt minni. Vitnið mundi þó, er það stóð í forstofunni, að ákærði „dröslaði“ kæranda út. Hún féll við, og hótaði ákærði að stíga ofan á hana. Gerði hann sig líklegan til þess, en vitnið gat ekki fullyrt, hvort af því varð. Ekki gat vitnið lýst því, hvernig ákærði setti kæranda út. Vitnið taldi, að kærandi hefði stimpast á móti ákærða, en það hrökklaðist á undan þeim. Vitnið kvaðst hafa heyrt þrjónavélina detta, en sá það ekki. Vitnið hafði komið þarna áður og vissi um hana. Vitnið bar, að Guðrún hefði fljótlega kvartað undan meiðslum, en vitnið mundi ekki hvar. Vitnið hitti Guðrúnu ekki eða sá næstu daga eftir atburðinn. Vitnið fann til áfengisáhrifa, þar sem það hafði drukkíð áfengi fyrir um daginn.

Vitnið Freyr Guðlaugsson, fyrrum leigubifreiðarstjóri, til heimilis að Hólabergi 26, fæddur 08.08.50 í Reykjavík, skýrði svo frá við rannsókn málsins, að tvær konur hefðu komið í bifreið sína um kl. 19:00 við Leifsgötu 16. Vitnið ók þeim að íþróttahúsinu og lagði bifreiðinni norðan við Túngötu. Báðar konurnar fóru úr bifreiðinni og báðu vitnið að doka við, á meðan þær sæktu bæklaðan dreng. Vitnið horfði á eftir konunum inn í húsið, en eftir „mjög skamma stund“ sá vitnið, að önnur konan kom „fljúgandi út“ um kjallardyrnar og lenti „flöt“. Á hæla konunnar kom maður, sem gerði sig líklegan til þess að ráðast á konuna, en virtist hætta við, a.m.k. sá vitnið hann ekki aðhafast neitt. Maðurinn fór aftur inn í húsið. Síðan kom fleira fólk út og ræddi eitthvað við konuna. Konurnar tvær komu í bifreiðina til vitnisins og báðu það að kalla eftir lögreglu,

sem vitnið gerði. Stuttu seinna komu lögreglumenn. Eftir það ók vitnið konunum aftur að Leifsgötu 16. Ekki gat vitnið merkt áfengisáhrif á konunum.

Í dóminum kvaðst vitnið lítið hafa séð, þar sem það sat undir stýri bifreiðar sinnar, þar sem hún stóð við norðanverða götuna. Vitnið kvaðst hafa séð stúlkuna koma út nánast í láréttri stellingu og mann á eftir. Stúlkan féll á pall fyrir framan útidyrnar og hvarf vitninu sjónum. Vitnið sá manninn ekki gera stúlkunni neitt með höndunum, en sá ekki fætur hans. Stúlkan sagði vitninu á eftir, að maðurinn hefði sparkað í sig. Maðurinn stóð aðeins augnablik yfir stúlkunni, því fólk kom út úr húsinu, og fór maðurinn inn í húsið með því. Ekki mundi vitnið, hvort stúlkan kvartaði beint undan meiðslum, en mundi, að hún hafði orð á því að fara á Borgarspítalann. Ekki þorði vitnið að fullyrða, hvort stúlkurnar, önnur eða báðar hefðu verið undir áfengisáhrifum, en taldi, að svo hefði verið, þó ekki áberandi.

Fram hefur verið lagt í málinu vottorð frá Borgarspítalanum, slysadeild, dagsett 04.02.82, undirritað af Magnúsi Páli Albertssyni lækni. Er það svo hljóðandi:

„Þann 25/11 1981, kl. 19:25 leitar ofan nefnd Guðrún Sigurðardóttir hingað á Slysadeild Borgarspítalans til mats á áverkum. Sjúklingur sem er fraskilin mun hafa orðið fyrir árás fyrrverandi eiginmanns, þess er ekki getið hvenær það átti sér stað nákvæmlega en það er a.m.k. sólarhring fyrir komu. Munu þá bæði hafa verið stödd í húsi systur sjúklings þegar fyrrverandi eiginmaður skellti hurð á hana og fékk hún höfuðhögg og telur sig hafa rotast. Hún vissi næst af sér þar sem hún lá utan við húsið og telur að eiginmaðurinn fyrrverandi hafi dregið sig þangað út. Leigubílstjóri nokkur mun hafa beðið utan við húsið og segist hafa séð árásaraðila sparka í konuna þar fyrir utan og kallaði hann þá á lögreglu. Við þetta missti sjúklingur þvag og telur hún að það sé vegna höggs frá eiginmanninum í kviðinn. Sjúklingur stendur þó upp og gekk sjálf.

Hún hefur ekki kviðverki við komu, engan höfuðverk þá en hefur síðan haft af og til höfuðverk, fengið köst nokkrum sinnum á dag en þeir hafa látið undan Magnýl. Var með svima umrætt kvöld en hefur ekki haft svima síðan, og enga ógleði og ekki uppköst. Hún var hölt fyrst á eftir vegna sárs yfir V. ristarlegg þar sem hún fékk skurð, er hún þar aum núna. Hún hefur ekki verki annars staðar.

Hún segir að eftir árás sama aðila í apríl '81 sé hún með óþægindi í vi. handlegg. Það mun vera skýrsla um það hjá heimilislækni hennar, Björgvin Finnsen.

Hún hafði þá fengið einhvern áverka á olnbogann, telur sig ekki hafa

fullan mátt eftir þetta og hefur haft verki innanvert í upphandlegg er hún lyftir upp þungu, en engan dofa nú. Henni finnst einnig vera mótstaða gegn fullri réttingu um olnbogann.

Við skoðun hefur hún marbletti undir hæ. holhönd og efst. á hæ. upphandlegg, þeir eru litlir og aumur við þreifingu. Það er marblettur framanvert á hæ. fótlegg. Það er hrúður, aumt viðkomu yfir V. ristarlegg. Marblettur utanvert á hæ. læri. Það eru þreifieymsli um vi. læri en ekki mar. Það skortir á fulla réttingu í vi. olnboga og hún hefur eymsli þar yfir sérstaklega yfir innanverðum olnboganum. Verki leiðir bæði upp og niður og hún er aðeins kraftminni við grip með vi. hönd. Beygja í olnboganum er eðlileg. Snúningshreyfingar á hendi eru sársaukafullar um olnbogann.

Röntgenrannsókn af vi. olnboga sýnir brot í höfði geislabeins og er smá misgengi í liðfletinum þar. Það er einnig væg þykknun í beininu innanvert á neðanverðum upphandlegg og gæti það verið, að mati rtg. lækna, eftir eldri áverka.

Rtg. mynd af vi. rist er eðlileg. Vegna brotsins fær hún gipsspelku um handlegginn og kemur í endurmat 10/12'81. Hún er þá örlítið aum og vantar 25° upp á fulla réttingu og örfáar gráður upp á fulla beygingu í olnboganum. Þá er sleppt gipsspelkunni og henni eru ráðlagðar æfingar. 18/12'81 kemur hún enn á ný í endurmat og hefur þá réttiskerðingu upp á 10° en beygir án takmarkana í olnboganum. Það er örlítill skerðing á snúning um ca. 5°. Hún hefur óljós óþægindi við allar þessar hreyfingar.

26/1'82 kemur hún í lokamat og líður þá orðið þokkalega. Hún er nú eymslalaus í olnboganum og hefur góðar hreyfingar nema það vantar örfáar gráður upp á fulla réttingu. Hún er útskrifuð frá slysadeild og hefur ekki haft samband aftur vegna þessa.

Það er bedið um álit á því hve gömul meiðslin kunni að vera og hvernig þau hugsanlega gætu hafa orsakast. Hérna er aðallega um að ræða eymslin í olnboganum og áverkarnir þar og er mitt álit það að brotið í höfði geislabeins sé tiltölulega nýtt. Hún kemur hingað í nóvember, þá ekki nema í mesta lagi nokkurra daga gamalt. Það hefur líklega orðið til við högg á útréttan handlegg og mun stefna höggisins þá hafa verið eftir lengdarás beinanna. Það gæti til að mynda komið við fall á útrétta hönd.

Líklegt er hins vegar að hún hafi verið með eldri áverka á olnboganum enda minnst ég þess að hún segir þá hreyfiskerðingu sem nú er til staðar hafa verið til staðar allt frá apríl '81 eftir fyrri árásina sem hún segir frá.

Hugsanlegt er að lýst þykknun í beinhimnu, neðanvert í upphandlegg, sé eftir einhvern áverka síðan þá sem ég ekki get tekið afstöðu til hvað hefur verið eða hvað hefur valdið núna. Ég tel að brotið sé, til þess að gera, nýtt en hafi komið í olnbogið sem var að einhverju leyti skertur fyrir vegna eldri áverka.“

Einnig liggur fyrir í málinu vottorð frá Björgvin Finnssyni lækni, dagsett í „febrúarmánuði 1982.“ (Læknisvottorð I. til Tryggingastofnunar ríkisins, slysatryggingadeild). Í því vottorði kemur fram, að kærandi hefur meiðst 27.04.81 við það, að „fyrirverandi sambýlismaður hrinti henni svo hún festist milli hurðarhúns og dyrastafs.“

Ákærði hefur viðurkennt að hafa fært kæranda út úr íbúð systur hennar með valdi, en hann hafi ekki beitt „öðru harðræði en nauðsynlegt var til að færa hana út úr íbúðinni.“ Ákærði neitar að bera ábyrgð á þeim meiðslum, sem honum eru eignuð í ákæru.

Ákærða var ekki heimilt að beita kæranda neins konar valdi til að koma henni út úr íbúð, sem hann var sjálfur gestkomandi í, enda liggur ekkert fyrir um, að húsráðendur hafi viljað losna við hana. Þegar af þeirri ástæðu var valdbeiting ákærða ólögmæt. Samkvæmt framburði vitna beitti ákærði kæranda mun meira harðræði, en hann vill vera láta, og lauk afskiptum ákærða af stúlkunni ekki fyrr en hún lá fyrir hans tilverknad á þröngum steinsteypum stigapalli fyrir neðan steyptar tröppur. Samkvæmt framburði vitnisins Freys kom stúlkan „fljúgandi út“ eða nánast í láréttri stöðu, og samkvæmt framburði vitnisins Leifs dró ákærði Guðrúnu liggjandi á eftir sér út úr íbúðinni. Þegar framburðir allir eru virtir um ofsalegt framferði ákærða gagnvart kæranda, er sannað, að ákærði hefur með ólögmætum hætti ráðist á Guðrúnu, eins og greint er í ákæru.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að dregist hafi óeðlilega lengi hjá kæranda að leita læknis, því kunni hún að hafa meiðst síðar, en ef hún hafi meiðst við þetta tækifæri, sé um óhappatilviljun að ræða, en ekki ásetningsbrot.

Vegna efasemda um, að meiðsli kæranda séu afleiðing af atlögu ákærða, sem endaði með falli Guðrúnar á pallinn, bendir dómurinn á þá skoðun læknis, að nýlega brotið hafi sennilega orðið við högg á útréttan handlegginn. Dómurinn telur því, að slíkt högg geti m.a. hafa orðið við fallið eða þegar kærandi hefur rekist í og því fyllilega sönnuð orsakatengsl milli árásar og meiðsla. Tvö vitni, Freyr og Elísabet, hafa borið, að kærandi hafi strax kvartað um meiðsli eða haft orð á að leita læknis, og systir hennar, að hún hafi gert það, er þær höfðu næst samband sín á milli, sennilega næsta dag, og hún hafi borið sig illa næstu daga. Í læknisvottorði segir, að brotið á höfði geislabeins sé tiltölulega nýtt. Þegar framangreint er virt telur dómurinn sannað, að meiðsli kæranda stafi af árás ákærða, enda meiðsli ekki meiri en vænta mátti af háttalagi ákærða. Árásina verður að meta ákærða til ásetnings, en afleiðingarnar til gáleysis. Brot ákærða ber því að heimfæra undir 1. mgr. 218. gr.(sic), sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, en vegna ertinga kæranda ber við refsimat að taka tillit til niðurlags 3. mgr. 218. gr. a., sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981.

Ákærði hefur sætt kærnum og refsingum sem hér greinir:

(Sakavottorð tilgreinir 13 refsidóma og 5 dómsáttir.)

Refsing ákærða ákveðst sekt að fjárhæð 12.000 krónur til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna, ella sæti hann varðhaldi í 15 daga.

Við rannsókn málsins lagði Páll Arnór Pálsson hæstaréttarlögmaður fram skaðabótakröfu f.h. Guðrúnar Sigurðardóttur. Samkvæmt kröfubréfi lögmannsins er þess krafist, að ákærði greiði Guðrúnu „bætur í einu lagi fyrir skerta vinnumöguleika og miska krónur 9.000,00.“ Hvorki er krafan sundurliðuð né fylgja henni nokkur gögn. Við meðferð málsins var skorað á kæranda að leggja fram vottorð um launamissi og skattskýrslu, sem sýndi tekjur umrætt ár. Kærandi hefur ekki lagt fram þessi skjöl. Hins vegar kemur fram í vottorði frá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur, að Guðrún hefur þrívægis fengið greidda sjúkradagpeninga á árinu 1981 fyrir eftirtalin tíma-
bil:

1/1	-	21/3'81	kr. 6.346,00
28/5	-	6/8'81	— 7.440,00
5/12	-	22/1'81	— 3.185,00

Þar sem krafa Guðrúnar eru ósundurliðuð og vanreifuð að öðru leyti, verður ekki hægt að dæma um hana í málinu, og er henni því vísað frá dóminum.

Í samræmi við kröfugerð skipaðs verjanda, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, verða honum ekki dæmd málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Karl Eron Sigurðsson, greiði sekt að fjárhæð 12.000 krónur til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti hann varðhaldi í 15 daga.

Skaðabótakröfu Guðrúnar Sigurðardóttur er vísað frá dómi.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn.